

## REGLUGERÐ

### um ábyrgðargjald skv. VI. kafla laga nr. 68/1987, bráðabirgðalaga um ráðstafanir í fjármálum.

#### 1. gr.

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, skulu ársfjórðungslega, sbr. 3. gr., greiða 0,0625% ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. ábyrgðum, eins og höfuðstóll þeirra er að meðaltali á hverju gjaldtímabili.

Með skuldbindingum í erlendum gjaldeyri samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. er átt við skuldbindingar, þ.m.t. ábyrgðir, gangvart aðilum búsettum eða skrásettum erlendis, þar sem endurgreiðsla er háð gengi erlends gjaldmiðils. Frá fjárhæð ábyrgða við ákvörðun gjaldstofns skal draga samanlagða fjárhæð þeirra staðgreiðsluábyrgða vegna innfluttrar vöru, sem í gildi eru á uppgjörsdögum skv. 2. mgr. 4. gr. og gilda lengst 60 daga. Staðgreiðsluábyrgð er skuldbinding banka um innlausn heimildarskjala við framvísun erlendis. Ekki ber að greiða ábyrgðargjald af skuldbindingum vegna inneigna á innlendum gjaldeyrisreikningum í bönkum.

#### 2. gr.

Þegar ákveða skal ábyrgðargjald aðila, sem ekki eru að öllu leyti í eigu ríkissjóðs, skal reikna ábyrgðargjald af sama hlutfalli skuldbindinga og nemur eignaraðild ríkissjóðs. Eignaraðild ríkissjóðs í félögum og fyrirtækjum þar sem ábyrgð eigenda takmarkast við framlag þeirra, t.d. í hlutafélögum, veldur ekki gjaldskyldu.

#### 3. gr.

Ábyrgðargjald skv. 1. gr. skal greiða ársfjórðungslega eftir á, í fyrsta sinn vegna 3. ársfjórðungs 1987. Gjaldalagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er.

#### 4. gr.

Seðlabanki Íslands lætur gjaldskyldum aðilum í té sérstök eyðublöð, sem þeir skulu útfylla skv. þeim leiðbeiningum sem þar koma fram og skila til Ríkisábyrgðarsjóðs ásamt ábyrgðargjaldinu á viðkomandi gjalddaga.

Gjaldskyldir aðilar skulu færa á fyrrgreind eyðublöð brúttófjárhæð allra skuldbindinga sinna í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. ábyrgða, eins og höfuðstóll þeirra er þann 10., 20. og síðasta dag hvers mánaðar á viðkomandi gjaldtímabili. Skal gjaldstofn ábyrgðargjaldsins vera einfalt meðaltal fyrrgreindra fjárhæða.

## 5. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa eftirlit með öllu því sem við kemur réttum útreikningi og álagningu ábyrgðargjaldsins og skulu hinir gjaldskyldu aðilar veita honum allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar í því sambandi.

## 6. gr.

Undanþegin ábyrgðargjaldinu eru afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán tekin erlendis eða endurlánuð til að fjármagna sölu til útlanda, og þannig flyta skilum söluandvirðis til framleiðenda og ennfremur önnur erlend lán vegna útflutnings-afurða er falla undir skilgreiningu auglýsingar viðskiptaráðuneytisins frá 18. júní 1986. Undanþága þessi gildir einnig um aðrar skuldbindingar, þ.m.t. ábyrgðir, tilkomnar í sama skyni.

## 7. gr.

Seðlabanki Íslands er undanþeginn ábyrgðargjaldi.

## 8. gr.

Ekki skal greiða ábyrgðargjald af lántökum sem áhættugjald samkvæmt 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. V. kafla laga nr. 68/1987 hefur verið greitt af. Gildir það einnig um skuldbreytingar þessara lána.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Gjaldstofn ábyrgðargjalds fyrir 3. ársfjórðung 1987 skal vera einfalt meðaltal brúttóskuldbindinga, sbr. 2. mgr. 4. gr., þann 31. júlí, 31. ágúst, 10., 20. og 30. september 1987.

*Fjármálaráðuneytið, 2. október 1987.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Sigurgeir Jónsson.*